

Stjórnarfundur UMSE haldinn í Búgarði fimmtudaginn 3. janúar 2013 kl. 20:00.

Fundur númer 717.

Óskar setti fund kl. 20:00

Mættir eru: Þorgerður, Kristín, Einar, Óskar, Þorsteinn, Edda Kamilla, Kristlaug
Boðuð forföll: Guðrún, Svanbjört

1. Innsend bréf

- Bréf dagsett 4. Desember – boð á ársþing Knattspyrnusambandsins sem að verður haldið í 9. Febrúar – Dalvík/Reynir eiga tvo fulltrúa á þingið – búið að áfram senda á þá. Einnig kom bréf út yfir þingið dagsett 17. Desember nánari gögn um þingið, dagskrá og hvenær tillögur eiga að vera komnar.

- Bréf barst frá Guðmundi Daníelsyni þar sem hann leggur fram athugasemd vegna úthlutunar úr Afreksmannasjóði – búið að senda svarbréf til baka.

- Bréf barst um ársþing Glímufélags Íslands – UMSE á engan fulltrúa.

2. Styrkveitingar

- Engar styrkbeiðnir hafa borist.

3. Stefnumótun UMSE

Hugsa um hvað við ætlum að hafa mikinn tíma, hversu djúpt það á að fara í þetta.

Hugsa með okkur hver gildi UMSE væru, hvað stöndum við fyrir, hvert er hlutverk UMSE – það sem að er í kollinum á okkur. Taka síðan og draga saman – ekki hvernig við viljum sjá þetta fyrir okkur heldur hvernig staðan er í dag. Gera það fyrir næsta fund.

Jafnvel setja í fundarboðið fyrir formannafundinn að biðja aðildarfélögin að setja fram á formannafundinum hvernig þeirra sýn sé á UMSE.

Vinna að stefnumótun fram að þingi – leggja hugmyndir fram á þinginum og vera búin að fullmóta stefnumótunina fyrir ársþing UMSE 2014 – þar sem að hún verður þá lögð fram til samþykktar. Vinna þarf þetta jafnt og þétt og helst að hún verði nær fullmótuð í desember 2013.

Steini ætlar að setja saman beinagrind fyrir næsta fund.

Taka þetta fyrir á hverjum fundi – jafnvel örar ef að þess þarf.

Verðum að passa að ætla ekki að fara of djúpt í stefnumótunina.

Hægt að sjá inn á vis.is hvernig þetta er sett upp. Megum kíkja inn á aðrar síður, hjá öðrum félögum, hvernig reglugerðir eða stefnumótun þeirra er – senda þá línu á hina stjórnarmenn.

4. Formannafundur UMSE - fimmtudagurinn 24. janúar í Félagsborg, Eyjafjarðasveit

a. Reglugerð um afreksmannasjóð

b. Reglugerð um lottó

Þetta er dagskrá fyrir formannafundinn.

Þar sem að smávægileg vandæðri urðu við úthlutun úr afreksmannasjóði þá þarf að kannski endurskoða reglugerðina okkar – búið er að skoða reglugerðir hjá öðrum félögum eins og FRÍ og sjá hvernig þeir skilgreina afreksmenn.

A – fullorðnir einstaklingar/fullorðinsflokkar sem eru í fremstu röð á landsvísu. A flokkur sé meira lokaðri heldur en B flokkur.

B – ungt fólk sem er að keppa upp fyrir sinn aldursflokk er opnari.

Afreksstefna – að UMSE og sveitarfélögin séu með sameiginlegan afrekssjóð, þar sem að allir borga jafnt í hann og afreksmenn séu að fá þá kannski frá öllum sveitarfélögum, en ekki bara að tveir einstaklingar fái mismunandi upphæðir frá sitthvoru sveitarfélaginu en eru þá jafnvel með sömu afrekin.

Taka upp á formannafundinum að þegar umsókn berst í afreksmannasjóð að bæði umsækjandi og formaður félagsins sem að einstaklingurinn er í að undirrita umsóknina – þar með fær stjórn UMSE staðfestingu á því að einstaklingurinn að segja satt og rétt frá í umsókn sinni.

5. Eftirfylgni

a. Ársþing UMSE

- i. Umsjónaraðili – Umf. Æskan
- ii. Dagsetning – 9. mars 2013
- iii. Staðsetning – Valsárskóli
- iv. Forseti – leggja má höfuðið í bleyti um að fá forseta – Birkir Stefánsson?

b. Fyrirlestur frá Kristjáni Guðmundssyni á Dalvík um jákvætt hugarfar.

c. Heimsókn frá nefnd á vegum ÍSÍ (enn beðið eftir fundargerð)

d. Auglýsing fyrir Umf. Svarfdæla – Steini er að sjá um þetta mál.

e. Tækjabúnaður v/skrifstofu -

f. Ferðasjóður ÍSÍ – Steini er búinn með umsóknina, á bara eftir að lesa hana aðeins yfir, ætlar að senda hana á morgun.

g. Styrkveitingar íþróttanefndar ríkisins (frestað frá síðasta fundi) – segja frá þessu á formannafundinum – athuga hvort að einhverjar hugmyndir koma þar fram.

- i. Verkefnatengdur styrkur
- ii. 200.000 til styrktar á uppbyggingu á barna- og unglíngastarfi
- iii. kemur í kjölfar fundar með Þorsteini með nefndinni á Dalvík
- iv. þarf að finna verkefni til að nota
 1. kynningu á starfi sem að fer fram innan UMSE eins og frjálsar, sund, fótboldi, björgunarsveitir, golf ofl. Fá þá jafnvel einstaklinga til að kynna starfsemina.
 2. Kynna glímu.

h. Óskar á eftir að tala við Landflutninga um styrkinn.

6. Önnur mál

- Þorvaldsdalsskokkið, er 20 ára á þessu ári. Þetta er elsta skipulagða óbyggðarhlaup á landinu. Hugmyndin er að gera eitthvað meira í tilefni afmælisins. Fyrsta hugmyndin er að hafa skoðunarferð – Bjarni Guðleifsson tilbúinn til að vera leiðsögumaður.

Senda gömlum sigurvegurum boðsbréf á hlaupið.

Ferðapjónustuaðilar á Tröllaskaganum hafa sýnt því áhuga að búa til ferðapakka og hafa inni í því ferð í Þorvaldsdalinn.

Þarvaldsdalsskokkið verður haldið í lok 29. Júní 2013 – þar sem að Landsmót UMFÍ verður haldið fyrstu helgina í júlí.

- UMSE á tvo krakka sem að eru að fara á fjölþraut – best að þau bóki sér flug sjálf og sendi síðan reikning á UMSE.

- 17 krakkar eru að fara á Gautaborgarleikana í sumar

7. Næsti fundur 7. Febrúar kl 20:00

8. Fundarslit kl 21:28

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður